

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. júní 2010
Tilvísun: UST20100500075/klá

Umsögn um þingsályktunartillögu um eflingu græns hagkerfis

Þann 17. maí sl. óskaði iðnaðarnefnda Alþingis eftir umsögn Umhverfisstofnunar á tillögu til þingsályktunar um eflingu græns hagkerfis.


Umhverfisstofnun vil benda á að á fundi í Balí árið 2010 skilgreindi Umhverfisstofnun Sameinuðu Þjóðanna UNEP grænt hagkerfi á eftirfarandi hátt: (*Þýðing Umhverfisstofnunar*) „grænt hagkerfi [...] er kerfi efnahagslegra ákvarðana um framleiðslu, dreifingu og notkun á vöru og þjónustu, sem til langs tíma leiðir af sér bætt lífskjör fyrir fólk án þess að ganga á náttúruauðlindir og umhverfisgæði kynslóða framtíðarinnar.“


Umhverfisstofnun telur að flestir séu sammála um að nauðsynlegt sé að breyta hagkerfi Íslands í kjölfar efnahagshrunsins og þá í átt að grænu hagkerfi. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjölga grænum störfum og nýta betur auðlindir m.a. með endurnýtingu og endurnotkun úrgangs. Nauðsynlegt er að byggja á umhverfishagtölum um t.a.m. náttúruauðlindir. Skattastefnan þarf að vera græn með mengunarbóta- og nytjagreiðsluregluna að leiðarljósi.

Þau verkfæri sem Umhverfisstofnun notar í dag til að efla hið græna hagkerfi eru m.a. vistvæn innkaup, aukin áhersla á umhverfismerki og græna nýsköpun. Umhverfisstofnun hefur unnið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð og Ríkiskaup að því að virkja það afl sem býr í innkaupum ríkisins til þess að minnka neikvæð umhverfisáhrif opinberra innkaupa og auka græna nýsköpun meðal íslenskra fyrirtækja. Ljóst er að á þessu sviði eru miklir möguleikar til vaxtar.

Umhverfisstofnun telur öll skref til eflingar græns hagkerfis vera jákvæðar og tekur því undir tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins.

Virðingarfyllst


Kristín L. Arnadóttir
Förstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri